AUGLÝSING

um sérsviðasamning um mælitæki.

Hinn 22. apríl 1994 var skrifstofu Fríverslunarsamtaka Evrópu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna sérsviðasamnings um mælitæki sem gerður var í Genf 19. febrúar 1992. Samningurinn var gerður á grundvelli samnings frá 15. júní 1988 um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1990, þar sem samningurinn er birtur, og 27/1990. Samningurinn öðlaðist gildi 1. júní 1994.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Nr. 31 10. maí 1995

AUGLÝSING

um samning um Svalbarða.

Hinn 30. maí 1994 var franska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um Svalbarða sem gerður var í París 9. febrúar 1920. Alþingi hafði með ályktun 20. apríl 1994 heimilað aðild Íslands að samningnum. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 31. maí 1994.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Róbert Trausti Árnason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um Svalbarða.

Hinir háu samningsaðilar,

sem viðurkenna fullveldisrétt Noregs yfir eyjaklasanum Svalbarða, þ.m.t. Bjarnarey, og óska þess að setja þessu landsvæði eðlilega stjórn í því skyni að tryggja þróun og friðsamlega nýtingu þess,

og hafa tilnefnt fulltrúa sína með fullu umboði í því skyni að gera samning þess efnis:

- - -

Eftir að hafa gefið út yfirlýsingu um fullt umboð sitt og það verið viðurkennt hafa þeir komist að eftirfarandi samkomulagi:

TREATY
concerning Spitsbergen

The Contracting Parties,

Desirous, while recognising the sovereignty of Norway over the Archipelago of Spitsbergen, including Bear Island, of seeing these territories provided with an equitable régime, in order to assure their development and peaceful utilisation,

Have appointed as their respective Plenipotentiaries with a view to concluding a Treaty to this effect:

- - -

Who, having communicated their full powers, found in good and due form, have agreed as follows: